



Leiðbeinandi verð kr.: 23.900,-

[Hvar get ég skoðað og keypt sjónaukann?](#)

Vilt þú sjá það sem Galíleó sá og miklu meira?

Eitt mikilvægasta markmið Alþjóðlegs árs stjörnufræðinnar er að veita öllum, sérstaklega börnum, auðvelt aðgengi að stjörnuhimninum með hjálp ódýrra stjörnusjónauka. Þannig má hjálpa börnum og öðru áhugafólki að öðlast grunnskilning á alheiminum. SkyWatcher Heritage 76 var útbúinn sérstaklega í tilefni af ári stjörnufræðinnar.

SkyWatcher Heritage 76 sjónaukinn er einstaklega meðfærilegur. Þetta er 76mm spegilsjónauki á Dobsonstæði sem er sárafaldur í notkun.

Með kaupum á sjónaukanum frá okkur eða [söluaðilum okkar](#) styrkir þú starfsemi [Stjörn uskoðunarfélags Seltjarnarness](#)

og

[Stjörnufræðivefsins](#)

. Þinn stuðningur er ómetanlegur.

Með sjónaukanum fylgir:

- 5x24 leitarsjónauki
- 25mm augngler (12x stækkun)
- 10mm augngler (30x stækkun)

SkyWatcher Heritage 76 sjónaukinn hefur nokkra kosti umfram t.d. 70mm linsusjónauka. Hann er meðfærilegri og einfaldari í notkun. Hann hefur víðara sjónsvið og örlítið stærra ljósop. Auk þess fylgja honum fín augngler og góður leitarsjónauki.

Stjörnufræðivefurinn og Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness mæla sérstaklega með þessum fína byrjendasjónauka.

- Tegund: Dobson spegilsjónauki
- Ljósop: 3 tommur (76mm)
- Brennivídd: 300mm
- Brennihlutfall: f/3,95

Í hnotskurn:

- 76mm spegilsjónauki á hágæða Dobsonstæði gerir hann að framúrskarandi byrjendasjónauka
- Sérstaklega meðfærilegur og fisléttur sjónauki sem auðvelt er að geyma, flytja milli staða og setja upp.

- Mjög einfalt að skoða stjörnuhiminninn með honum. Sjáðu gígana á tunglinu, hringa Satúrnusar og Galíleótunglin umhverfis Júpíter.
- Góður stjörnusjónauki fyrir byrjendur í stjörnuskoðun sem er einfaldur í notkun.

**** ATH!** Sjónaukinn fæst eingöngu hjá söluaðilum okkar.

Parf ég eitthvað fleira?

Góðir fylgihlutir gera góðan sjónauka enn betri. Það eru fyrst og síðast augngler sem þú ættir að fá þér með sjónaukanum því þau ráða stækkuninni:

- 6mm augngler (50x stækkun)
- 2x Barlow linsa (tvöfaldar hverja stækkun, þannig gæfi 10mm augnglerið $30 \times 2 = 60$ -falda stækkun)

Söluaðilar:

SkyWatcher Heritage 76 fæst aðeins hjá þessum aðilum:

[Rafland](#)

Síðumúla 2-4, Reykjavík, ~~Sími: 520-7906~~
Hafnarfjörður, bradis54[hjá]gmail.com

- Geisli - Vestmannaeyjum(Sími: 481-3333)
- Ljósgefjafinn - Akureyri
- Framköllunarþjónustan - Borgarnesi(Sími: 437-1055)
- K.F Skagfirðinga - Sauðarkrók(Sími: 455-4500)
- Húsgagnaval - Höfn(Sími: 478-2535)